

Hin hljóða markaðsvæðing: skólakerfi á krossgötum

Kristín Dýrfjörð, dósent Háskólanum á Akureyri

Ágætu áheyrendur

Fyrst vil ég þakka fyrir það góða tækifæri sem þið veitið mér til að ræða eitt af hugðarefnum mínum, það er markaðsvæðingu skólakerfisins, í heimi þar sem nýfrjálshyggjan tekur yfir æ fleiri svið samfélagsins.

Ég ætla að skipta erindi mínu uppí nokkra hluta. Fyrst ætla ég að fjalla almennt um nýfrjálshyggju, gera grein fyrir hvernig skólakerfið hefur þróast í Bandaríkjunum síðustu 20 ár og þá sérstaklega að skoða það sem kallað er samningsskólar - ég ætla að draga upp mynd og spegla saman þróunina í þessum tveimur ríkjum. Því miður er það svo að á 20 mínútum er ekki hægt að fara djúpt í málin en samt vonandi nægilega djúpt til að fundarfólk átti sig á því á hvaða leið ég tel að við séum og hvert hún getur leitt okkur. Nýlega hélt ég erindi um félaglegt réttlæti og leikskólakerfið og þegar ég sat og samdi þennan fyrirlestur fann ég stanslausan samhljóm á milli erindanna. Þó efnistöð séu nokkuð ólík. Hvort einkavæðing, í hvaða formi sem er, á rétt á sér í skólakerfinu snýst að stórum hluta um hugmyndir um félaglegt réttlæti að mínu mati. Um hugmyndir um m.a. hvernig samfélag við viljum eða ætlum að standa að, hvernig við viljum og ætlum að stuðla að þróun og framgangi lýðræðis.

Ég kallaði erindið mitt hina hljóðu markaðsvæðingu vegna þess að mér hafa fundist þær breytingar sem orðið hafa á skólakerfinu okkar í átt til markaðsvæðingar hafa gerst hljótt og að við stöndum nú á mikilvægum krossgötum. Undanfarin ár hefur það gerst trekk í trekk að allt í einu koma tilkynningar um að þetta eða hitt sveitarfélagið sé búið að ganga frá samningi um „útvistun“ á hluta af skólakerfi sínu. Fyrst voru það leikskólar en nú eru líka farnar að birtast tilkynningar um grunnskóla. Síðast frá Skagaströnd.

Þessi umbylting gerist hægt og hljótt, oft þannig að lítil sem engin samfélagsleg umræða hefur átt sér stað. Þannig var það á Tálknafirði, Sandgerði, Skagaströnd, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Ísafirði - skólarnir (þá á ég bæði við leik- og grunnskóla) eru faldir fyrirtækjum til reksturs, í flestum (en ekki öllum) tilfellum, án útboðs. Í erindi mínu verður að segjast að Hjallastefnan er mest til umfjöllunar af hérlendum skólafyrirtækjum, það er einfaldlega vegna þess að hún er stærst og umsvifamest og virðist í mestum vexti nú um stundir. Áður en lengra er haldið skal tekið fram að ég er fyrst og fremst að fjalla um rekstrarform og hugmyndafræði á bak við markaðsvæðingu skólakerfisins ekki innihald þeirra skólastefna sem hér eru.

Frá því að ég sendi inn heitið á erindinu hefur umræðan hérlendis sprungið út. Það gerðist með ræðu Margrétar Pálu, aðaleiganda og stjórnarformanns Hjallastefunnar, á fundi Samtaka atvinnulífsins og svo hefur hún fylgt umræðunni eftir af fullum þunga í öðrum fjölmiðlum, blöðum og útvarpi (Fréttatíminn, Bylgjan). Hún er í krossferð gegn miðstýringu, gegn kennarasambandinu, gegn námskrám. Af máli hennar má ráða að þessir aðilar/afstaða

sé böll skólstarfs á Íslandi. Og hún er svo vinsamleg að benda okkur á lausnina, menntafrumkvöðla, sem taka að sér að gera betur.

Auðvitað velti ég fyrir mér tímasetningunni og set hana í tengsl við að nú er kosningavor, nú eru allir flokkar að móta sína skólasterfnum, segja foreldrum frá hvernig þeir ætla að stoppa í þetta „ömurlega skólakerfi“ sem okkur er talin trú um að hér sé (getur einhver sagt mér: Af hverju trúum við tölum um ólæsi en ekki tölum úr sama ranni um vellíðan og samskipti barna í skólum?).

En það er líka gott að horfa á hlutina í stóru samhengi. Breytingar á skólakerfinu eru ekkert einsdæmi fyrir Ísland, við sjáum svipaða hluti gerast annarsstaðar í heiminum. Flest erum við orðin svo smituð (menguð, samdauna) að við veitum þessari hægu og markvissu byltingu á samfélaginu varla eftirtekt. Við þurfum samt að vita að samskonar þróun hefur átt sér stað í fleiri löndum eins og Svíþjóð, Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi, Ástralíu, í Bretlandi og víðar. Við þurfum að líta þangað og læra af því sem þar hefur gerst.

Þetta er breytingar sem eru tileinkaðar hugmyndafræði sem hefur fengið heitið nýfrjálshyggja eða neo-liberalismi. Nýfrjálshyggja er fyrst og fremst pólitísk hugmyndafræði. Hluti af þeim hugmyndaheimi er að allir þættir mannlífs eigi að vera á markaði og þar sem markaður (eins og t.d. um grunnvatn, heilsugæslu, menntun og fleira) er ekki til staðar ber að koma slíkum markaði á (Barnett, 2010). Það er kannski ágætt að hugleiða að það var Pinochet sem taldi Chile afbragðs tilraunastofu fyrir nýfrjálshyggjuna og réðst í slíkar breytingar með hagfræðistrákunum frá Chicago.

Ef litið er til þess sem einkennir þankagang nýfrjálshyggjunnar, þá ber hæst að:

Öll opinber afskipti, svo sem ríkisafskipti, eru álitin slæm. Viðhorfið er að þegar reglur um markað hafa verið settar, þá eigi ríkið að hafa sem minnst afskipti af honum, markaðurinn eigi að sjá um sig sjálfur – hann sé hæfastur til þess (Hursh, 2012). Hlutverk ríkisvaldsins sé að setja reglur sem þjóna markaðinum. Í rauninni sé hlutverk hins opinbera fyrst og fremst að tryggja að opinbert fé fari með einum eða öðrum hætti til einkaaðila. Okkur á að þykja það svo sjálfsagt að við setjum ekki einu sinni spurningarmerki við það? Með þessu móti er hugmyndafræðinni ætlað að smjúga inn í merg og bein og verða hluti af sjálfinu - smám saman á hún að verða að hinni ráðandi hugmyndafræði. Það er það sem ég á við með smituð.

Árangur þessarar hljóðu byltingar er að varla er til sá staður eða stofnun sem ekki er undir áhrifum nýfrjálshyggjunnar. Hún hefur náð að skapa sína eigin orðræðu – orðræðu sem er orðin hluti af því sjálfsagða - er ríkjandi (Kumar 2012). Þetta hefur leitt til þess að við eigum erfitt með að skilja á milli orðræðu nýfrjálshyggjunnar og þess sem stendur utan hennar. Okkur er meira að segja farið að þykja hún sjálfsögð, hugtök hennar okkur töm í daglegu máli, „árangur, val, skilvirkni“. Það sem við e.t.v. áttum okkur illa á er að samkvæmt nýfrjálshyggjuhugsun er hægt að vega og mæla allt með hagrænum hætti – setja á allt fjárhagslega merkimiða. Eins og áður er komið fram þá er það þannig, að í fyrirmyndaríki

nýfrjálshyggjunnar er hlutverk ríkisins fyrst og fremst að setja reglur og lög sem auðvelda fyrirtækjum og eigendum fjármagns að verja sitt og færa út kvíarnar. Auðmagnið er sest í stól ríkisvaldsins. Siðræn viðmið eru sett til hliðar og í stað þeirra eru viðmið peninganna ráðandi.

Þegar auðmangið er við stjórnvölinn þá verða allir þættir mannlífsins hluti af markaðnum, þá á að sjálfsögðu að vera hægt að markaðsvæða. Man einhver eftir því þegar hagfræðingur einn reiknaði út að það væri þjóðhagslega óhagkvæmt að baka um jólin, betra væri að útvista bakstrinum og kaupa smákökur t.d. hjá Jóa Fel?. Sama gildir um aðra þætti hverdagslífsins. Hvort sem það er menntun, heilsugæsla, vinátta – að fara út með hundinn ... það á að vera hægt að kaupa fólk/fyrirtæki til að sinna þessu þáttum. (Já það er meira að segja til fyrirtæki sem heitir Sinnum og tekur einmitt að sér að sinna þjónustu við aldraða og sjúka). Og allt er þetta gert í nafni árangurs, skilvirkni og framþróunar. Að lokum er nýfrjálshyggjan orðin normið – orðið hið „eðlilega“ ástand. Eins og raddir vorsins, þá þagna raddir andstöðunnar. Verða eins og hverjir aðrir kverúlantar á hliðarlínunni.

Þegar menntun er eins og hver önnur vara á markaði hefur það áhrif á hugmyndir fólks um hvað felist í menntun. Þá er hætta á að hún sé smættuð í að verða að tæknilegri úrlausn, hún snúist um tiltekna færni sem hentar „markaðnum“ – áherslan og orðræðan snýst um menntun fyrir atvinnulífið eða fyrir næsta skólastig, en ekki endilega til að þroska mannlegar eigindir viðkomandi einstaklings eða til að styðja við fallett mannlegt samfélag sem byggir á samkennd og samhygð. Til að sanna réttmæti þess að færa menntunina á markað eru m.a. niðurstöður prófa notuð (Connell, 2013). Á það má benda að héraendis er að verða til risastofnun, Námsmatsstofnun, sem kemur til með að vera mjög áhrifamikil. Hún á að sjá um próf, úttektir, námsgagnagerð, jafnvel eru uppi hugmyndir um að hún sinni námskrágerð. Verði í raun lítið menntamálaráðuneyti, en að hluta á markaði. Þegar svo er komið er hægt að velta fyrir sér hverjum prófin þjóni raunverulega.

Þegar hjól atvinnulífsins eru aðalviðmiðið um innihald og gæði menntunar þurfa siðræn viðmið ekki að vera með í pakkanum. Menntuninni er fyrst og fremst ætlað að þjóna fjármagninu –persónuleg réttindi og afl fólksins eru látin víkja, ef það er til ágóða fyrir efnahagslífið og vöxt auðmagnsins. Þess vegna eru stéttarfélag sem gæta hagsmuna t.d. kennara illa séð. Í stað almennrar velferðar allra er ýtt undir hugmyndir um einstaklingshyggju og að hver og einn sé sjálfum sér næstur, fólki beri fyrst og fremst að huga að eigin hagsæld. Hver er sjálfum sér næstur, verður móttóið. Í slíku umhverfi er réttur þeirra foreldra sem á því hafa efni, að kaupa betri framtíð fyrir börnin sín – slíkur réttur er álitinn sjálfsagður.

Fyrir nokkrum árum fór ég að velta fyrir mér hvernig birtingarmynd nýfrjálshyggjunnar hefði náð inn í skólakerfið okkar hér á Íslandi. Sérstaklega var mér umhugað um leikskólakerfið. Ég leitaði í smiðju ýmissa erlendra fræðimanna sem hafa skoðað menntakerfi annarsstaðar og setti upp gleraugun þeirra til að skoða okkar kerfi (Kristín Dýrfjörð, 2011). Það kom mér á óvart, þegar ég fór að rýna í efnið, á hversu mikilli ferð við erum inn í heim nýfrjálshyggjunnar. Það kom mér meira á óvart en ég átti von á. Ég svo sem vissi að við

vorum á þeirri vegferð en ég áttaði mig ekki á hversu hratt við höfðum farið yfir, að við höfðum tekið þessar hugmyndir með sama trukki og ýmsar aðrar. Þegar ég sagði forystukonu á meðal leikskólakennara frá hvað ég væri að þæla horfði hún á mig og spurði hvort ég væri úr tengslum: Það væri engin nýfrjálshyggja hjá okkur. Til að sýna ykkur hvernig málin hafa þróast ætla ég að bregða upp mynd af greiningarlyklinum og skoða þróunina hér í ljósi hans.

Þróunin hér hefur verið hröð og ljóst að hún hefur nærri fylgt eftir þróuninni um samningsskólana t.d. í Bandaríkjunum.

Þema	1991	2001	2011
Ríkisstjórn	Samsteypustjórn – Alþýðufl., Alþýðubandalags, Framsóknarf. Og Borgaraflokks (1989–1991)	Tveggja flokka stjórn Sjálfstæðisfl. og Alþýðufl., (1991–1995) Sjálfstæðisfl. og Framsóknarf. (1995–2007) Sjálfstæðisfl. og Samfylking (2007 –2009)	Tveggja flokka stjórn Samfylking og Vinstri grænir (2009–?)
Staðlar settir í námskrám	Uppeldisáætlun fyrir leikskóla gefin út 1985 og með lögum 48/1991 gerð að fyrstu lögbundnu uppeldisáætlun landsins þar sem sett eru viðmið um starfshætti. Ígildi aðalnámskrár. Að mörgu leyti frekar kennslubók en námskrá. Hefur haft mikil og mótandi áhrif á orðræðu leikskólans. Fyrstu lög um leikskóla, hugtakið leikskóli tekið upp sem samheiti og starfsheitið leikskólastjóri.	Leikskólinn löggiltur sem fyrsta skólastigið 1994. Reglugerð um leikskólastarf sett (1995). Inn koma viðmið um barngildi og fermetra. Aðalnámskrá fyrir leikskóla kemur út 1999, hún er opin og lítt bindandi. Námsgæði leikskóla kynnt til sögunnar. Orðræða grunnskólans heldur innreið sína í leikskólastarfið. Hugtakinu uppeldisstefna skipt út fyrir hugtakið aðalnámskrá með breytingu á lögum 2001.	Í lögum frá 2008 boðaðar breytingar um hæfnis-, leikni- og þekkingarviðmið sem og aldursbundin markmið. Með breytingu á ríkisstjórn 2009 verður ákveðin vending, skipuð ný nefnd um drög að aðalnámskrá. Aðalnámskráin opin rammi sem gefur hverjum skóla mikið vald. Sneitt hjá umræðu um aldurs-, leikni-, hæfnis- og þekkingarviðmið. Reynt að draga úr áhrifum staðlaðs mat á börnum. Fagmennska treyst.
Mat og ábyrgðarskylda	Í lögnum frá 1991 segir að menntamálaráðuneytið eigi að hafa eftirlit með því að ákvæðum laga sé fullnægt. Boðað embætti umsjónarfóstru sem eftirlitsaðila, það var aldrei stofnað. Að öðru leyti á hvert sveitarfélag að vinna í sínu horni.	Í lögum frá 1994 er boðuð reglugerð þar sem nánar á að kveða á um eftirlit og gæðaeftirlit með leikskólum. Í reglugerðinni kveðið á um ytra mat og innra gæðamat. Þar er kveðið á um að menntamálaráðuneytið láti framkvæma mat á minnst einum leikskóla árlega. Í Aðalnámskrá leikskóla er kafli um mat og það sem á að taka til skoðunar. Sveitarfélög draga fram skorkort.	Lög sett 2008 þar sem mat og innra eftirlit verða lykilhugtök. Mikið lagt upp úr sjálfstæðum ytri matsaðilum. Sérstök reglugerð sett um mat og upplýsingaskylda. Samband íslenskra sveitarfélaga kemur sér upp matsdeild í kjölfar nýrra laga. Mikil áhersla í bæði sameiginlegum hluta (allra skólastiga) sem og sérstökum hluta aðalnámskrár leikskóla
Markaðsvæðing /þjónustusamninga r	Mjög fáir leikskólar reknir af öðrum en sveitarfélögum. Nokkrir leikskólar eru reknir sem lífskoðunarskólar og í	Enn eru fáir leikskólar reknir utan opinbera kerfisins. Helst lífskoðunarskólar eins og Waldorfskólar. Lítil umræða um	Leikskólum sem reknir eru með þjónustusamningum fjölgar mjög. Mismunandi hver velur börn inn í þá skóla. Sumstaðar

	tengslum við sjúkrahús (innan við 5 %).	breytingar á rekstrarformi.	fara börnin í gegnum miðlægt kerfi, eins og í Kópavogi. Annars staðar eru það skólarnir sjálfir sem velja börnin inn í skólana. (t.d skólakeðjur í Reykjavík). Sum sveitarfélög leyfa jafnframt hærri gjöld á foreldra. Einkavæðing kerfisins nær flugi. Orðræðan er um sjálfstætt rekna skóla en ekki um einkarekstur. Leikskólar eru stækkandi.
Val (skóla)	Pólitísk orðræða um skóla nálægt heimilum. Litlir skólar byggðir þétt í nýjum hverfum. Skólar líkir innbyrðis. Fáir skólar kenna sig við stefnur.	Leikskólar stækka. Algengt að byggðir séu fjögurra deilda leikskólar að lágmarki. Áhersla fer að verða á að skólar marki sér sérstöðu.	Umræða um að fé fylgi börnum og foreldrar hafi frjálst val. Í því felist jafnrétti. Skólar í innri samkeppni um börn. Skólar móta áherslur m.a. til að selja sig foreldrum. Skólar stækka enn og eru varla byggðir fyrir færri en 120 börn í stærri sveitarfélögum.
Fjölbreytileiki/ valddreifing	Leikskólakerfið almennt miðlægt. Miðlægar ákvarðanir á sveitarstjórnarvísu. Leikskólastarf einsleitt.	Orðræða um dreift vald og sjálfstæði hvers skóla. Leikskólar til þess að gera einsleitir. Umræða um stefnur og sérsvið er að hefjast. Rekstrarhlutverk leikskólastjóra verður áberandi.	Mikið vald í höndum hvers skóla, t.d. í gegnum skólanámskrá. Samtímis víða mikil áhersla á miðstýringu í gegnum regluverk. Áætlanagerð og skýrsluskrif hafa aukist til muna. Áhersla á fjölbreytileika í rekstrarformi en ekki starfslegu innhaldi.

Tafla úr grein Kristín Dýrfjörð, 2011.

Þessi greining er frá 2011 en síðan þá hefur einkaskólum fjölgað. Eins og ég sagði hér að framan hafa fleiri og fleiri sveitarfélög farið þá leið að útvista skólastarfi.

Saga samningsskóla

Það er áhugavert að skoða aðeins sögu samningsskólanna í Bandaríkjunum, sjá hvers vegna kerfið virkaði svo lokkandi og lofandi, hversvegna fólk, sem barðist fyrir félagslegum réttindum, féll fyrir því. Samningsskólar eða Charter schools hófu starfsemi sem andsvar við einkaskóla með dýrum skólagjöldum og sem andsvar við því sem fólk taldi lélega opinbera skóla, skóla sem komu t.d. illa út á samræmdum prófum. Þeir voru stofnaðir fyrir almannafé og iðulega í opinberu rými. Hlutverk þeirra var að styrkja lýðræðið, vera andsvar við stirt og staðnað menntakerfi, þeir áttu að vera öllum börnum opnir og máttu tileinka sér öðruvísi kennsluhætti og námskrár en opinberu skólarnir, kennarar gátu sjálfir samið um kaup og kjör, fé fylgdi barni og svo framvegis. Þið sjáið að mjög margt í umræðunni hér speglar umræðuna í Bandaríkjunum fyrir aldarfjórðungi.

Fljótlega kom í ljós að samningsskólarnir urðu víða til þess að opinberir skólar í hverfum lokuðu. Þetta var ekki óviðbúið. Strax í upphafi komu fram raddir sem vöruðu við þessari þróun, töldu að með þessum skólum væri fólk að slíta friðinn, ganga gegn grundvallarhugmyndum um samfélagsskipan í Bandaríkjunum, réttinum til menntunar. Hugmyndinni frá bæði Thomas Jefferson og Horace Mann um skóla fyrir alla (Underwood,

2001). Á þessar raddir var lítið hlustað og í dag eru (Fine og Fabricant, 2013) í raun þrennskonar samningsskólar eða líkön starfandi í Bandaríkjunum.

Yfirlit yfir þróun í BNA -

- Um 1990 samningsskólar sem andsvar við einkaskóla/ en líka til að auka fjölbreytni á vegum hins opinbera/ markmið m.a. að styðja við félagslegt réttlæti. (Félagsleg tilraun)
- Um 2000 – áhættusjóðir og „heilaveitur“ (think-tanks) gefa forminu aukinn gaum.
 - (Hérlendis má benda á hugmyndir Viðskiptaráðs Íslands – framtíðarsýn sem það hefur sett fram í menntamálum).
- Gagnrýni á niðurstöður prófa í hinu opinbera skólakerfi – umræðan „peningum hent í menntakerfið“ .
 - (Umræðan hér hefur einkennst að „dýrasta menntakerfi í heimi“ og börnin ólæs).
- Samningsskólar andsvar fyrir alla.
 - (Hér: Látum þeim eftir rekstur skóla sem kunna að fara með peninga, 30%-barna-heimsk-orðræðan á fundi SA, við getum gert betur, val foreldra).

Þróun samningsskóla í BNA

Það er hægt að skipta samningsskólum í Bandaríkjunum lauslega í þrjár flokka þeir eru:

1. „Mömmu og pabba skólarnir“ - skólar sem byggja á hugmyndum frumkvöðlanna , þeirra sem vildu breyta og ögra viðteknum hugmyndum.
 - Skólar reknir af reyndu skólafólki sem er vonsvikið með menntakerfið og er að leitast við að skapa „öðruvísi“ skóla fyrir börn sem standa höllum fæti.
 - Skólarnir yfirleitt litlir.
 - Iðulega ein staðsetning (skóli) með djúpar rætur í umhverfinu.
 - Með sérstakar áherslur – menningarlegar eða menntunarlegar eða uppfylla þörf sem aðrir sinna ekki í viðkomandi umhverfi.
2. Skólar sem byggja á hugmyndum um frjálsan menntamarkað.
 - Opinberir skólar eru hluti af markaðstækifærum fyrir viðskiptamógúla.
 - Leið til að tryggja opinbert fé í einkahendur.

- „val“ skilgreinir foreldra sem neytendur með einstaklingsbundinn rétt.
 - Þeir sem að baki standa eru iðulega að stefna að „hagnaðarskyni“, þeir sækjast eftir fjölda og reka fjölda skóla.
 - Leið til að veikja stéttarfélög og leið inn í samfélög sem eru illa stödd.
3. Og svo keðjurnar - allir skólar í sama forminu.
- Oft stórar „ekki í hagnaðarskyni“ keðjur.
 - Eru að öðru leyti flestu líkar “frjálsa menntamarkaðslíkaninu” utan að þær hafa iðulega stefnu/sýn byggð á kenningum.
 - Skólarnir eru oft mjög líkir, sama piparkökumótið notað á alla (MacDonalds-skólar).

(Fabricant og Fine, 2013)

Í Bandaríkjunum settu menn í flestum fylkjum lok ofan á hversu hátt hlutfall skóla mættu vera í slíkum skólum eða bara í fylkjum og það var gert til að vernda opinberu skólana. Nýlega las ég grein um hinn nýja félagssinnaða borgarstjóra í New York, Bill de Blasio, sem er kominn í slag við samningsskólahreyfinguna og vill stoppa við. Hann telur að skólar í New York líði fyrir þessa skóla sem velja börn að mestu inn á eigin forsendum (þó annað eigi að vera), að í þessum skólum séu færri börn sem hafa ekki ensku að móðurmáli en í öðrum skólum, þar séu færri börn með skilgreind námsvandamál. Þetta séu í reynd elítu-skólar millistéttarinnar. Hann hefur mætt harðri andstöðu. Foreldrar barna í samningsskólum hafa verið virkjaðir og virðast bakkaðir upp af áhættusjóðum, fjárfestum og heilaveitum. Sem dæmi er rætt um það í fjölmiðlum í Bandaríkjunum að auglýsingaherferðin í New York gegn hugmyndum de Blasio sé upp á 3,6 milljónir dollara ([Alan Singer, Huffington Post](#) 7.4 2014). Málið snýst um peninga.

Það er ekki langt síðan ég las frásögn af samningsskóla sem ætlaði að opna í Brooklyn (Basis Independent Brooklyn). Þetta er skóli sem auglýsir að börnin þeirra séu á meðal hinna hæstu á Pisa prófum, hann segist vera öllum börnum opin en þegar börnin fara að nálgast stærstu samræmdu prófin á seinni hluta námstímans er ekki nema brot eftir, hin hafa kvarnast úr á leiðinni, m.a. í gegnum ráðgjöf. Það er líka ljóst að á bak við skólana, oft í eigendahópi þeirra, eru áhættusjóðir og ríkir fjárfestar. Skólarnir hafa leyfi til að afla fjár með styrkjum og í Bandaríkjunum eru hópar sem hafa af því miklar áhyggjur. Hvaða kvaðir um t.d. námsefni, tæki og tól fylgja mögulega slíkum styrkjum? Hvað verður um hugmyndina um almenningskólann sem hornstein lýðræðis í slíku umhverfi? Í umhverfi þar sem kennarar eru hvattir til að vera utan stéttarféлага og eru jafnvel verr launaðir en kennarar í opinbera kerfinu. Rannsóknir sýna að börn sem hætta í samningsskólunum á miðri leið eða á miðjum vetri eru oft börn sem eiga í erfiðleikum. Í New York eru miklar umræður um hvað gera eigi við pláss sem losna vegna þessara „brottfalls“barna. Hvort og hvernig eigi að velja inn þá sem

taka við. Ein skólakeðjan segir að þar sem börnin þeirra séu svo framarlega og standi sig svo vel þá sé það óréttlátt að bjóða börnum af t.d. biðlistum þessi pláss. Einhver annar gæti hugsað um sömu rök, það kemur niður á útkomu skóla á mikilvægum samburðarprófum, sem er fæling fyrir nýja foreldra. Það verður að segjast eins og er að það er sláandi munur á tölum barna sem hefja nám á neðri stigum og þeirra sem að lokum þreyta samkeppnisprófin á efri stigum. Brottfallið er víða mikið ([Ravitch, 2014](#)).

Markaðsvæðing skólakerfisins snýst um hvernig við ætlum að nota peninga samfélagsins. Hún snýst um pólitíska hugmyndafræði samfélagsins. Hún snýst ekki um hugmyndafræði einstaka skóla, hvort foreldrar eru afar ánægðir eða ekki.

Áður en ég loka þessari umræðu langar mig að ræða aðeins aftur um hugmyndir merkisbera hugmynda um einkaskólavæðingu á Íslandi.

Mér finnst fólk gleyma að hún á sæti í stjórn eins mesta nýfrjálshyggjufyrirbæris á Íslandi, Viðskiptaráðs Íslands, sem hefur í mörg ár sett fram svipaðar hugmyndir og stærir sig af áhrifum sínum á stjórnvöld. Að undir hennar stjórn ákváðu Samtök sjálfstæðra skóla að gerast aðilar að Samtökum verslunar og þjónustu. Sjálfstæðir skólar hafa með því valið að skilgreina sig fyrst og fremst sem **fyrirtæki** á menntamarkaði. Mér finnst líka vert að íhuga að sum þessara skólafélaga eiga dótturfélög sem eiga t.d. eignir og sjá um hluta reksturs, þessi félög þurfa ekki að vera *no-profit* – innan þeirra geta orðið til eignir sem á einhverjum tímamarki er hægt að leysa út eða selja. Í viðtali við aðaleiganda og höfund Hjallastefnunnar kom t.d. fram að allir skólar hennar verða að skila rekstrarafgangi til móðurfélagsins (Þóra Tómasdóttir, 2011), síðan koma fréttir um hagnað af rekstri, og næst má lesa að móðurfélagið hafi lánað dótturfélagi hagnaðinn án vaxta, en borgar til baka með húsaleigu á markaðsverði (Ársskýrsla Hjallastefnunnar 2009-2010). Í viðtalinu sem ég nefndi hér að framan kemur fram að skólaþróun felist í byggingu skólahúsa og útbreiðsla hugmynda stefnunnar. Við getum velt fyrir okkur hvort að þetta sé einsdæmi eða verði einsdæmi ef af mikilli markaðsvæðingu verður í skólakerfinu okkar?

Það er ljóst að skólakerfið er á krossgötum, það er „okkar“ að velja hvert við viljum stefna?

Erindi flutt á sveitarstjórnarráðstefnu VG þann 12 apríl 2014 í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.

Síðan þetta erindi var skrifað hefur Hjallastefnan gengið til samninga við HR um rannsóknarstarf og stofnun rannsóknarstofu.